

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð nr. 1255/2018 um endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérgreinalækna sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands.

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 1. gr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Reglugerðin tekur ekki til þjónustu sérgreinalækna sem innheimta eða taka önnur gjöld af sjúkratryggðum en kveðið er á um í gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands.

2. gr.

Í stað dagsetningarinnar „30. apríl 2021“ í 3. gr. kemur: 30. september 2021.

3. gr.

Í stað dagsetningarinnar „30. apríl 2021“ í 9. gr. kemur: 30. september 2021.

4. gr.

Við 7. gr. reglugerðarinnar bætast við tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sérgreinalæknir skal skila í samskiptaskrá sjálfstætt starfandi sérfræðinga, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu, þeim upplýsingum sem nauðsynlegt er fyrir landlækni vegna eftirlits með þjónustunni.

Sérgreinalæknir skal, fyrir lok maí ár hvert, senda Sjúkratryggingum Íslands endurskoðaðan ársreikning ársins á undan fyrir þann lögaðila er heldur utan um þjónustuna, sundurliðaðan frá öðrum rekstri og eignum.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 19. gr., 2. mgr. 38. gr. og 55. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, X. apríl 2021.

Svandís Svavarsdóttir

Hrönn Ottósdóttir.